

# Vefstefna Háskóla Íslands

*Fyrir ytri vefsvæði*



Vefstefna Háskóla Íslands er unnin af markaðs- og samskiptasviði og vefstjórum fræðasviða Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands, febrúar 2015.

Skjal þetta má ekki afrita með neinum hætti nema með leyfi Háskóla Íslands.

# 1. Vefstefna Háskóla Íslands

Markmið Háskóla Íslands er að vefnotendur finni sem mest af þeirri þjónustu sem skólinn veitir á vefsvæði hans. Með vefsvæði skólans er átt við vefsvæðin [hi.is](http://hi.is) og [english.hi.is](http://english.hi.is), þar með talið vefsvæði fræðasviða og deilda. Á þennan hátt getur háskólinn aukið þjónustu, bætt upplýsingaflæði, dregið úr kostnaði og tryggt að notendur geti átt samskipti við háskólann allan sólarhringinn.

Vefstefnunni er ætlað að vera leiðarljós öllum þeim sem vinna efni fyrir vefsvæði háskólans. Með samræmdri vefstefnu er leitast við að búa helstu ytri vefjum Háskóla Íslands heildstæða umgjörð og útlit og að vefsvæðin séu í anda stefnu skólans eins og hún er á hverjum tíma. Markmiðið með vefstefnunni er ekki að hafa stjórn á inntaki vefsvæða háskólans að öðru leyti en því að þeir gefi skýra og raunsanna mynd af starfi háskólans og gangi ekki í berhögg við yfirlýsta stefnu og markmið Háskóla Íslands. Við uppbyggingu og þróun einstakra vefsvæða skal vefstefnunni fylgt.

Vefstefnan nær til allra sem vinna efni á vefi háskólans og spannar allt sem vistað er undir léninu hi.is og á tengdum lénnum. Allir þeir sem vinna efni á vefsvæði Háskóla Íslands skulu því kynna sér stefnuna vel. Vefstefnan nær einnig til samfélagsmiðla sem háskólinn notar til að koma skilaboðum eða upplýsingum á framfæri.

Vefstefnan er endurskoðuð í það minnsta einu sinni á ári að frumkvæði vefstjóra og sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs.

Einingum innan háskólans er velkomið að setja sína eigin vefstefnu en gæta verður þess að hún stangist ekki á við vefstefnu Háskóla Íslands.

Í tengslum við vefstefnuna skal setja verklagsreglur og leiðbeiningar sem skýra nánar framkvæmd hennar eftir því sem við á. Vefstefna Háskóla Íslands er samþykkt af vefstjórum Háskóla Íslands, vefritstjóra, vefritstjóra english.hi.is, sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs, vefstjórum fræðasviða og yfirstjórn Háskóla Íslands (sjá skilgreiningar í fjórða kafla).

## 2. Ritstjórnarstefna

### Texti / Efni / Gögn

Vefir Háskóla Íslands eiga að geyma upplýsingar og þjónustu sem gagnast tilvonandi, núverandi og fyrrverandi nemendum, starfsfólki, fjölmiðlum, samstarfsaðilum, hagsmunaaðilum og almenningi.

Markmið Háskóla Íslands er að vefsvæði skólans veiti aðgengilegar upplýsingar um allar námsleiðir sem í boði eru hverju sinni. Lögð er rík áhersla á vandaða vísindamiðlun, ítarlegar upplýsingar um námsframboð og þjónustu og flutning fréttar af starfi háskólans. Vefsvæðin skulu einnig innihalda upplýsingar um viðburði innan skólans.

Vefsvæði Háskóla Íslands er vefborg þar sem yfirvefur hefur að geyma tilvísanir í fjölda undirvefja. Vefsvæði ýmissa stofnana hafa verið í sjálfstæðum vefumsjónarkerfum en markmiðið er að þær flytji sig smám saman yfir í þau kerfi sem háskólinn styður. Vefir kennara, smærri ráðstefna og viðburða eru reknir í einfaldara vefumsjónarkerfi.

### Upplýsingar á vefsvæði Háskóla Íslands koma með þrennum hætti til birtingar:

1. Í gegnum vefumsjónarkerfi.
2. Fyrir tilstuðlan vefþjónustu sem speglar gögnum úr ólíkum kerfum innan háskólans til birtingar á vefsvæðum skólans.
3. Með gagnaspeglun úr kerfum sem birta upplýsingar sem gagnast Háskóla Íslands eða á milli vefja Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands stefnir að því að allar aðgengilegar upplýsingar, sem ekki eru háðar sérstökum trúnaði og liggja í tölvukerfum skólans, verði birtar á vefsvæðum háskólans með gagnaspeglun.

### Skipulag

- Uppbygging aðalvefsvæðis Háskóla Íslands er með þeim hætti að frá forsíðu er hægt að nálgast upplýsingar um alla starfsemi skólans. Þar á meðal eru einstök svið og deildir.
- Notandi á alltaf að hafa góða yfirsýn og eiga auðvelt með að sjá hvar upplýsingar liggja á vefsvæði háskólans. Skipan upplýsinga á að vera opin og einföld og notandi á alltaf að sjá hvar hann er staddur í vefnum.
- Leitin er einn af grundvallarþáttum í efnismiklum vef og leitarvél á vefsvæði Háskóla Íslands á að vera einföld í notkun og ítarleg.
- Á forsíðu aðalvefs skal aðeins setja fréttæfni sem tengist háskólanum í heild sinni eða efni sem vefritstjóri telur að eigi erindi inn á forsíðu. Vefritstjóri hefur rétt til að taka fréttir af forsíðu.
- Vefritstjóri stýrir birtingu efnis í auglýsingaborða á aðalvef og vefstjórar fræðasviða á síðum sviða og deilda.

### Gæði

- Upplýsingar á vefjum Háskóla Íslands eiga ævinlega að vera uppfærðar og réttar og samræmdar frá einni síðu á aðra.
- Vefir Háskóla Íslands skulu ávallt vera aðgengilegir og efni birtast óbrennlað í öllum helstu og algengustu vöfrum, stýrikerfum og tækjum.

- Óleyfilegt er að setja efni á vefsvæðið sem ekki er nothæft í algengustu vöfrum og stýrikerfum án sérstakra viðbóta. Vefstjórar geta veitt undanþágu ef raunveruleg þörf er fyrir hendi sem verður ekki leyst með venjulegum myndum og HTML/CSS kóða.
- Starfsmenn hljóta réttindi til að setja efni á vefsvæðið að undangenginni kennslu í notkun viðkomandi vefumsjónarkerfis. Vefstjórar sjá um kennsluna og halda reglulega vinnustofur sem opnar eru öllum vefriturum.
- Vefmiðlarar og gagnagrunnsmiðlarar skulu stöðugt verndaðir með öryggisbúnaði sem nauðsynlegur þykir hverju sinni.
- Aðalvefsvæði Háskóla Íslands og enskt vefsvæði háskólans skulu notendaprófuð árlega.
- Vefstjórar geta lokað eða breytt aðgangi notanda, til dæmis ef aðgangur hefur ekki verið notaður lengi, hann framseldur, notandi fylgir ekki viðmiðum um innsetningu efnis eða hefur misnotað aðganginn á annan hátt.
- Vefstjórar HÍ og vefstjórar fræðasviða hafa stöðugt auga með gæðum vefja og grípa til aðgerða til að viðhalda þeim.
- Þess skal gætt að tenglar séu virkir. Til að fylgja því eftir gera vefstjórar reglulega prófanir á virkni tengla á aðalvefsvæði háskólans. Samskonar eftirlit skal vera með stofnanavefjum eins og kostur er.

## Ábyrgð

- Vefstjórar Háskóla Íslands bera ábyrgð á vefstefnu Háskóla Íslands og að henni sé framfylgt.
- Vefstjórar Háskóla Íslands bera ábyrgð á að kynna umsjónarmönnum einstakra vefsvæða vefstefnu og verklagsreglur.
- Vefstjórar skipuleggja og bera ábyrgð á uppbyggingu veftrés aðalvefsvæðis háskólans, vefsvæða fræðasviða og helstu sérvefja.
- Vefstjórar sérvefja bera ábyrgð á úthlutun aðgangsréttinda á tiltekin vefsvæði.
- Umsjónarmenn einstakra vefsvæða, þar með talið vefstjórar fræðasviða, bera ábyrgð á efni eigin svæðis og að það sé ætíð yfirlesið, uppfært og rétt.
- Notendur einstaklingsvefja bera alfarið ábyrgð á því efni sem birtist á vefjum í þeirra nafni.
- Reiknistofnun Háskóla Íslands ber ábyrgð á rekstri vefmiðlara og gagnagrunna vefjanna og tryggir að þeir séu stöðugt verndaðir með öryggisbúnaði sem nauðsynlegur þykir hverju sinni.

## Útlit

Útlit allra vefsvæða Háskóla Íslands skal ekki stangast á við hönnunarstaðal Háskóla Íslands. Útlitinu er stýrt með fyrirframgerðum sniðskjöllum sem gerð eru eftir hönnunarstaðli háskólans. Sniðskjöl stuðla að því að útlit efnis sé alltaf samræmt, án tillits til uppruna. Með sniðskjöllum er hönnunarlegum forsendum fylgt við innsetningu efnis, þ.e. myndbirtingu, leturstærð og gerð, liti o.fl. Vefumsjónarkerfi, sem er í notkun á hverjum tíma, skal geta leyst þennan þátt eins og best verður kosið.

Gæta skal þess að merki háskólans, Pallas Aþena, sé efst í vinstra horni á öllum vefsíðum tengdum háskólanum.

## Myndir

Myndum skal almennt gert hátt undir höfði á vefjum Háskóla Íslands og notendum gert auðvelt að skoða myndasöfn á vefsvæðum skólans. Myndir skulu vera viðeigandi og eiga við það efni sem er á síðunni. Háskóli Íslands á í öllum tilvikum að hafa rétt á að nota viðkomandi myndir til birtingar á vefsvæðum sínum.

Með myndum skal vera hnitmiðaður myndatexti sem einfaldar leitarvélum að finna gögn á myndformi á vefsvæðum háskólans.

- Vefstjórar og vefritstjóri hafa leyfi til þess að skipta út myndum ef þess er þörf að þeirra mati.
- Viðeigandi myndir skulu fylgja öllum fréttum sem settar eru inn á vefsvæðið.
- Gæta skal hófs í fjölda mynda á hverri síðu.

## Myndbönd

Háskólinn stefnir að aukinni miðlun myndbanda á ytra vefsvæði. Nota skal það tól til deilingar myndbanda sem á við á hverjum tíma. Sérstaklega skal gæta að því að flokka myndbönd og búa þannig um hnútana að þau finnist vel í leitarvélum. Valin myndbönd verði birt á vefsvæði háskólans og þaðan augljós tenging yfir á fleiri myndbönd. Gæta þarf að gæðum og framsetningu efnis.

Útlit myndbanda skal vera í samræmi við hönnunarstaðal Háskóla Íslands. Myndbönd skulu hafa samræmd upphafs- og lokastef sem er birt í hönnunarstaðlinum og er aðgengilegt fyrir allar einingar skólans.

## Fræðasvið og deildir

Veftré fræðasviða og deilda eiga að vera samræmd til að auðvelda notendum leit að efni. Notendur eiga að fá glögga mynd af byggingu sviðs- og deildarvefja á forsíðu sviðsins eða deildarinnar. Vefstjórar sviðanna geta óskað eftir því að ákveðnir flokkar verði ekki birtir á vefsvæði viðkomandi sviðs þar sem það á við en vefstjórar skólans úrskurða um þetta efni. Vefstjórar sviðanna geta einnig óskað eftir því að síðum verði bætt við þegar dýpra er komið inn í veftréð. Þetta skal gert í samráði við vefstjóra háskólans.

Upphafssíða hvers fræðasviðs á að vera gátt inn í vefhluta deildanna eða undirvefsvæða. Upphafssíðan er að hluta til safnsíða fyrir efni frá einstökum vefhlutum sviðsins og deildarvefjum innan þess. Vefstjórar fræðasviðanna hafa einir heildaraðgang að sínum vefhluta eftir ritstjórnarlegri forskrift sem vefstjórar háskólans ákvarða.

- Vefstjórar Háskóla Íslands taka ákvörðun um réttindi vefstjóra sviðsins og vefritara. Vefstjórar fræðasviða skulu hafa yfirsýn yfir þá vefritara sem hafa skrifréttindi á síður þeirra fræðasviðs.
- Vefstjórar HÍ úrskurða um álitamál tengd skipulagi fræðasviða og deilda.

## Stofnanavefir

Stofnanavefir eru fyrir stofnanir háskólans. Þessir vefir eru ýmist á undirléni hi.is eða lénunum stofnanir.hi.is og vefsetur.hi.is.

Stofnanavefir eiga að vera auðkenndir með merki háskólans og fylgja hönnunarstaðli skólans. Vefjunum er efnislega ritstýrt af ábyrgðarmanni innan viðkomandi stofnunar. Vefstjórar háskólans

eru tengiliðir stofnana við Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ). Þeir hafa milligöngu um samskipti við RHÍ sem annast uppsetningu vefsins. Í þeim tilvikum þar sem stofnun snýr sér beint til RHÍ skal starfsmaður þar beina erindinu til vefstjóra. Vefstjóri viðkomandi fræðasviðs skal ávalt hafður með í ráðum við undirbúning.

Heimilt er að nota þau vefumsjónarkerfi sem hver stofnun kys en ekki er veittur stuðningur við önnur kerfi en þau sem markaðs- og samskiptasvið og RHÍ ákveða hverju sinni og eru tilgreind í verklagsreglum og leiðbeiningum með vefstefnunni.

## **Einstaklingsvefir**

Öllum með notendanafn og aðgangsorð hjá Háskóla Íslands býðst að opna eigið vefsvæði. Þessir vefir eru undir léninu [uni.hi.is/notandi](http://uni.hi.is/notandi). Fyrir þorra notenda leysa hins vegar upplýsingasíður starfsmanna í Uglu, innri vef skólans, þá eftirspurn sem er eftir upplýsingum um þá og nauðsynlegt er að uppfylla. Starfsmönnum ber skylda til að sjá til þess að fullnægjandi upplýsingar um þá séu aðgengilegar í Uglunni.

Á eigin vefsvæði gefst starfsmönnum tækifæri til að miðla fjölbreyttara efni, s.s. pistlum og upplýsingum um rannsóknir, á annan hátt en unnt er á Uglu-síðum. Brynt er fyrir þeim sem opna slíkar síður að viðhalda gögnum og uppfæra síður reglulega.

Útlit einstaklingsvefja er samræmt og samkvæmt hönnunarstaðli háskólans.

## **Samfélagsmiðlar**

Háskóli Íslands nýtir samfélagsmiðla til að til að eiga í samskiptum við hollvini, almenning, nemendur og starfsmenn skólans. Áhersla er lögð á að háskólinn nýti þá samfélagsmiðla sem við á hverju sinni og beini kröftum sínum að þeim miðlum sem eru í hvað mestri útbreiðslu á hverjum tíma. Einstaka einingum innan Háskóla Íslands, fræðasviðum, deildum, stofnunum og öðrum aðilum, er heimilt að halda úti síðum á ýmsum samfélagsmiðlum. Þess skal gætt að fleiri en einn aðili hafi umsjónaraðgang að síðunum en jafnframt að tilgreindum aðila sé falin ábyrgð á hverri síðu fyrir sig.

Umsjónarmenn samfélagsmiðla skulu gæta vandlega að málfari og hafa í heiðri almenna kurteisi og samskiptareglur í skrifum sínum. Rödd háskólans í samfélagsmiðlum má vera persónulegri og með léttara yfirbragði en rödd háskólans á ytri vefsvæðum skólans. Markhópurinn getur verið ólíkur eftir því hvaða samfélagsmiðill á í hlut og skal haga samskiptum í samræmi við það.

### 3. Tæknilegar leiðbeiningar

#### Lén

Leitast skal við að hafa nöfn á lénum eins skýr og gagnsæ og auðið er. Lén sem tilheyra Háskóla Íslands eru: [www.hi.is/xxx](http://www.hi.is/xxx), [www.xxx.hi.is](http://www.xxx.hi.is). Þau geta einnig verið [www.student.is](http://www.student.is).

#### Vefumsjónarkerfi

Notast er við vefumsjónarkerfið Drupal fyrir aðalvefsvæði Háskóla Íslands, vefsvæði fræðasviða og valda sérvefi.

Vefir stofnana eru ýmist í vefumsjónarkerfunum Drupal eða WordPress. Háskóli Íslands leggur til sniðskjöl til notkunar fyrir stofnanavefi. Stofnunum er heimilt að viðhalda vefjum í öðrum vefumsjónarkerfum en njóta þá hvorki stuðnings markaðs- og samskiptasviðs né Reiknistofnunar Háskóla Íslands.

Smávafir, sem reknir eru á lénum Háskóla Íslands og notaðir eru af einstaklingum og í smærri verkefnum innan háskólans, eru studdir með WordPress-vefumsjónarkerfinu. Háskóli Íslands leggur til sniðskjöl til notkunar fyrir þessa vefi.

Öllum einingum, stjórnslueiningum og akademískum einingum, er heimilt að óska eftir sérlausnum við vefsvæði sín stangist breytingarnar ekki á við vefstefnuna. Sérlausnir skulu þó samþykktar af vefstjórum Háskóla Íslands áður en kemur til breytinga á vefsvæði.

Þriðji aðili getur unnið að sérlausnum á vefsvæðum tengdum Háskóla Íslands óski þeir sem málið varðar eftir slíku. Kostnaður skal greiddur af ábyrgðaraðilum viðkomandi vefsvæðis.

#### Uppfærslur á vefkerfi og flutningur milli vefþjóna

Viðbætur og breytingar á vefumsjónarkerfum eru að öllu jöfnu unnar af Reiknistofnun Háskóla Íslands í samráði við þá sem málið varðar. Ákvarðanir um uppfærslur á vefumsjónarkerfi og breytingar á því skulu án undantekninga teknar í samráði við vefstjóra.

Vefsvæði Háskóla Íslands eru hýst á vöktuðum vefþjónum Reiknistofnunar Háskóla Íslands sem tryggir að uppitími og svartími vefsvæða Háskóla Íslands sé með því besta sem þekkist. Færslur milli vefþjóna og/eða gagnþjóna skulu án undantekninga teknar í samráði við vefstjóra.



## 4. Skilgreiningar

Aðalvefsvæði	Aðalvefsvæði eða vefborg Háskóla Íslands með forsiðu og leiðarkerfi um alla undirvefi háskólans. Á bæði við <a href="http://www.hi.is">www.hi.is</a> og <a href="http://www.english.hi.is">www.english.hi.is</a> .
Samfélagsmiðlahópar	Hópar sem halda utan um stefnumörkun og miðlun efnis í gegnum samfélagsmiðla. Hópunum er ætlað tryggja að Háskóli Íslands sé virkur á öllum helstu samfélagsmiðlum hverju sinni. Hóparnir eru skipaðir starfsfólki markaðs- og samskiptasviðs og vefstjórum fræðasviða.
Sérvefsvæði	Vefsvæði fyrir verkefni, ráðstefnur, nemendafélög og annað sem er hvorki stofnun né einstaklingur. Sérvefir eru í boði á sérstökum undirlénum háskólans eða á undirlénum Reiknistofnunar.
Smávefsvæði/Einkavefir	Vefir sem ekki heyra undir hina flokkana. Vefir einstakra starfsmanna, t.d. uni.hi.is o.s.frv.
Stofnanavefsvæði	Vefsvæði stofnana háskólans. Þau bera sama yfirbragð og önnur vefsvæði háskólans en er ritstýrt efnislega af hverri stofnun fyrir sig. Þessir vefir eru ýmist á sérstöku undirléni eða lénunum stofnanir.hi.is og vefsetur.hi.is. Stofnanavefir eru stofnaðir í samstarfi við vefstjóra fræðasviða og tæknimenn Reiknistofnunar Háskóla Íslands.
Uglu-síður	Síður starfsmanna Háskóla Íslands í Uglu, innri vef skólans, þar sem skráðar eru upplýsingar um símanúmer, netfang og aðsetur auk myndar. Þar sem við á er hægt að birta ítarlegri upplýsingar, s.s. feril- og ritaskrá, sérsvið, viðtalstíma o.fl.
Vefritarar	Starfsmenn sem sjá um að setja efni inn á vefsvæði.
Vefritstjóri enskur vefur	Vefritstjóri enska vefsins er starfsmaður markaðs- og samskiptasviðs. Hann ber ábyrgð á og velur fréttir á forsiðu enska vefsins og auglýsingaborða á sama stað. Ritstjóri enska vefsins ber ábyrgð á öllu efni á ensku sem snertir Háskóla Íslands sem heild og velur fréttir til birtingar á english.hi.is.
Vefritstjóri íslenskur vefur	Vefritstjóri er starfsmaður markaðs- og samskiptasviðs. Hann ber ábyrgð á og velur fréttir á forsiðu aðalvefs og auglýsingaborða á sama stað. Vefritstjóri ber ábyrgð á öllu efni sem snertir Háskóla Íslands sem heild. Hann vaktar fjölmiðlaumfjöllun um háskólann og velur fréttir til birtingar á hi.is og á Facebook.
Vefstjórar fræðasviða	Vefstjórar fræðasviða bera ábyrgð á vefmálum viðkomandi sviðs.
Vefstjórar sérvefja	Starfsmenn sem bera ábyrgð á efni sérvefja (vefir stofnana, ráðstefna o.s.frv.).
Vefstjórar HÍ	Vefstjórar eru starfsmenn markaðs- og samskiptasviðs. Þeir stýra viðhaldi og rekstri ytri vefsvæða háskólans í heild sinni og stjórna aðgangsheimildum og virkja þá sem stýra eiga undirvefjum og einstökum hlutum þeirra. Vefstjórar skipta milli sín verkum og ábyrgð á vefsvæðum eftir nánara samkomulagi.

Vefstjórnarhópur ytri vefja	Í hópnum sitja vefstjórar Háskóla Íslands, sem leiða hópinn, vefstjórar fræðasviða háskólans, vefritstjóri hi.is og vefritstjóri english.hi.is. Hópurinn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hópurinn tryggir að vefstefnu háskólans sé fylgt í öllum einingum skólans og að efnismiðlun og upplýsingar til viðtakenda séu samræmdar á öllum vefsvæðum háskólans.
Vefsvæði deildar	Hluti vefsvæðis <a href="http://www.hi.is">www.hi.is</a> sem inniheldur upplýsingar um ákveðna deild Háskóla Íslands.
Vefsvæði fræðasviðs	Hluti vefsvæðis <a href="http://www.hi.is">www.hi.is</a> sem inniheldur upplýsingar um ákveðið fræðasvið Háskóla Íslands.
Verkefnastjórn ytri vefja	Í verkefnastjórn sitja sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs, sem leiðir stjórnina, vefstjórar Háskóla Íslands, fulltrúi frá vefstjórum fræðasviðanna og verkefnisstjóri Vefverksmiðju Reiknistofnunar Háskóla Íslands.
Vinnuhópur ytri vefja	Í vinnuhópnum sitja vefstjórar HÍ og vefhópur Reiknistofnunar Háskóla Íslands.

## Verklagsreglur

Eftirfarandi reglur eru lagðar til grundvallar við miðlun upplýsinga:

- Upplýsingar um sama efni mega ekki stangast á. Frekar skal tengja á milli síða en margskrá sömu upplýsingar.
- Allar upplýsingar á að setja fram á hnitmiðuðu og vönduðu máli.
- Við innsetningu fréttar skulu meginatriðin sett fremst, setningar skulu vera stuttar og markvissar, lýsingarorð spöruð og fyrirsagnir vera stuttar, knappar og lýsandi.
- Við innsetningu viðburða skulu meginatriðin sett fremst, setningar skulu vera stuttar og markvissar, lýsingarorð spöruð og fyrirsagnir vera stuttar, knappar og lýsandi.
- Nota á málfar sem miðar við almennan lesanda og forðast á sérhæft eða tæknilegt orðafar þar sem því verður við komið.
- Efni og framsetningu ber að haga á þann hátt að það sé sem aðgengilegast fyrir alla vefgesti.
- Farið skal eftir helstu aðgengisstöðlum fyrir fatlaða í vinnu við alla vefi Háskóla Íslands.
- Allar síður skulu hafa fyrirsagnir sem eru í takti við heiti á sjálfum síðunum. Þetta einfaldar leitarvélum að finna upplýsingar.
- Netföng, símanúmer og starfssvið umsjónarmanna einstakra vefsvæða skulu vera vel sýnileg til þess að notendur geti fyrirhafnarlítið sent fyrirspurnir og athugasemdir.
- Ekki á að birta höfundaréttarvarið efni á vefjum Háskóla Íslands nema með samþykki réttihafa og skal það þá tekið fram.
- Val auglýsinga á forsiðu aðalvefs er á ábyrgð vefritstjóra og sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs.
- Vefstjórar og sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs úrskurða um álitamál sem tengjast efni.
- Markaðs- og samskiptasvið og Reiknistofnun Háskóla Íslands styðja við vefumsjónarkerfin Drupal og Wordpress. Vefstjórar HÍ taka ákvörðun um það kerfi sem hver vefur notar hverju sinni, í samráði við ábyrgðaraðila viðkomandi vefs.
- Háskólinn hvetur til opinna skoðanaskipta á samfélagsmiðlum og heimilar innlegg og athugasemdir frá notendum. Þó skal þess gætt að notendur séu málefnalegir og gæti almenns velsæmis og kurteisi í málflutningi sínum. Ummæli, sem beinast gegn tilteknum kynþáttum, trúarhópum eða kyni eða fara yfir velsæmismörk, skulu fjarlægð og viðkomandi notanda send tilkynning þar sem ástæða þess að ummæli voru fjarlægð skal tilgreind. Jafnframt skal notandinn varaður við því að verði hann uppvís að ítrekuðum brotum verði lokað á aðgang hans að samfélagsmiðlasíðum háskólans.